

Greinargerð um tillögu að vaxtabótum fyrir árin 2011 og 2012

Tillagan byggir á yfirlýsingu í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vagna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Þar kemur fram að sérstakri hækkun vaxtabóta verði við haldið. Í breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið fyrir 2011 sem nú liggur fyrir er ákveðið að heildarfjárveiting vegna vaxtabóta og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu verði 17,7 milljarðar króna árið 2011 og þar af 11,7 milljarðar vegna almennra vaxtabóta að meðtalinni framlengingu sérstakrar hækkunar þeirra. Í samkomulaginu kemur fram að breyta skuli almennum vaxtabótum þannig að þær komi í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar og miðlungstekjur.

Tillagan að breytingu á úthlutunarreglum vaxtabóta tekur miða af þessu. Úthlutun vaxtabóta byggir í upphafi á lægstu tölu gjaldfallinna vaxta (eftir næsta ár greiddra vaxta), tilteknu hlutfalli af höfuðstóli lána eða hámarkstölu sem er breytileg eftir hjúskaparstöðu íbúðareiganda. Gerð er tillaga um að framlengt verði tímabundið ákvæði sem heimilar að vaxtahlutfallið megi vera 7% (er 5% í megintexta laganna). Aðalbreytingin er þó í því að heimilaðar hámarks vaxtagreiðslur sem útreikningur vaxtabótanna miðast við verði hækkaðar verulega. Eru þær nú miðaðar við það að einungis ¼ af hverjum hópi (hjón/sambúðarfólk, einstæðir foreldrar, einhleypir) greiðir vexti sem eru hærri en vaxtahámarkið.

Hámark vaxtagjalda	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	554.364	727.762	901.158
Tillaga	800.000	1.000.000	1.200.000
Breyting	44%	37%	33%
Hlutfall hópsins með lægri vaxtagjöld en hámarkið	3/4	3/4	3/4

Vaxtabætur skerðast frá ofangreindum hámarkum með tekjum. Í samræmi við ofangreint samkomulag er lagt til að tekjutenging verði hækkuð. Hún er nú 6% en í frumvarpinu er lagt til að tekjutengingin verði 8%.

Í tillögunni er lagt til að hámark vaxtabóta hækki umtalsvert og að þær geti numið helmingi hámarks vaxtagjaldanna fyrir hvern hóp.

Hámark vaxtabóta	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	246.944	317.589	408.374
Tillaga	400.000	500.000	600.000
Breyting	62%	57%	47%

Vegna þess að hámark heimilaðra vaxtagjalda er hærri en hámark vaxtabóta hefur tekju-skerðing í útreikningi bótanna ekki áhrif fyrr en þegar hún er orðin meiri en mismunur vaxtahámarksins og hámarks vaxtabóta. Þetta sést í eftirfarandi töflu:

Áhrif tekjuskeroðingar í útreikningi vaxtabóta

	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Tekjur byrja að skerða mögulegar vaxtabætur			
Nú	5.123.667	6.836.217	8.213.067
Tillaga	5.000.000	6.250.000	7.500.000
Hlutfall með tekjur yfir skerðingarmörkum í tillögu	26%	10%	55%
Hámarkstekjur með vaxtabótum miðað við hæstu viðmiðun vaxtagjalda			
Nú	9.239.400	12.129.367	15.019.300
Tillaga	10.000.000	12.500.000	15.000.000
Hlutfall með tekjur yfir mörkum	3%	1%	7%

Af töflunni sést að fjórðungur einhleypira er með tekjur yfir skerðingarmörkum, 10% einstæðra foreldra en rúmlega helmingur hjóna er í þeirri stöðu og 7% er með svo miklar tekjur að þær einar nægja til að útiloka þau frá því að fá vaxtabætur. Vegna þess hversu mikið vaxtahámark og vaxtabætur eru hækkuð í tillögunni eru hámarkstekjur ekki mjög mikið breyttar frá því sem er í núgildandi reglum. Með því er komið til móts við það að fólk með millitekjur verði ekki svipt bótum.

Til þess að halda heildarupphæð vaxtabóta innan þeirra fjárheimilda sem nú eru uppi áform um var nauðsynlegt að auka eignaskeroðingu þeirra umtalsvert. Eignaskeroðingarákvæði laganna hafa haft sífellt minna vægi á undanförunum árum enda hafa þau verið hækkuð. Nú er fasteignamat að lækka, á sama tíma og skuldir hækka um það bil með vísitölu neysluverðs. Þess ber að geta að í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að áform um almenna niðurfærslu skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis verði ekki komin til framkvæmda um áramót sem eru viðmiðunartími eignastöðu í framtölum einstaklinga. Tillagan um eignamörk við úthlutun vaxtabóta er eftirfarandi:

Áhrif eignaskeroðingar í útreikningi vaxtabóta

	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Vaxtabætur byrja að skerdast			
Nú	7.119.124	7.119.124	11.390.599
Tillaga	4.000.000	4.000.000	6.500.000
Hlutfall með eignir yfir lágmarki	50%	31%	50%
Vaxtabætur eru að fullu skertar			
Nú	11.390.599	11.390.599	18.244.958
Tillaga	6.400.000	6.400.000	10.400.000
Hlutfall með eignir yfir hámarki			
Nú	36%	18%	30%
Tillaga	42%	22%	42%

Verði lagafrumvarpið samþykkt mun það hafa áhrif á fjölda þeirra sem fá greiddar vaxtabætur:

Fjöldi vaxtabótaþega	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	13.953	5.723	28.884
hlutfall af öllum sem skulda	64%	84%	65%
Tillaga	10.824	4.920	22.354
hlutfall af öllum sem skulda	50%	72%	51%

Hér fyrir aftan er nánar gerð grein fyrir ýmsum þáttum sem lýsa áhrifum þessarar tillögu á myndrænan hátt.











